

Samstarfshópur hafnsögumanna og skipstjóra lóðs- og dráttarbáta innan Hafnasambands Íslands

STARFSRAMMI OG TILGANGUR

1. Samstarfshópur hafnsögumanna og skipstjóra á dráttarbátum innan Hafnasambands Íslands er faghópur um fræðslu, öryggi, samstarf og verkefni þessara aðila hjá höfnunum.
2. Hafnsögumenn og skipstjórar dráttarbáta hjá höfnum, sem eru með dráttarbáta, er boðið að vera hluti samráðshópsins. Fjórir fulltrúar, skipaðir af stjórn Hafnasambands Íslands skulu leiða starfið og skal einn þeirra vera oddviti hópsins. Hópurinn skal halda fundargerðir um fundi sína og tillögur og skulu þær lagðar fyrir stjórn HÍ.
3. Helstu verkefni samstarfshópsins er m.a. eftirfarandi:
 - a. Að efla fræðslu meðal skipstjóra og hafnsögumanna og gera tillögu um námskeið eða þjálfun, sem að gagna má verða í tengslum við hafnsögu eða stjórn lóðs- og dráttarbáta.
 - b. Að fylgjast með þróun og nýjungum og gera tillögur til stjórnar HÍ um það sem æskilegt eða nauðsynlegt er að hafnirnar innleiði.
 - c. Að setja fram ábendingar og tillögur um atriði sem auki öryggi hafnsögumanna og um borð í lóðs- og dráttarbátum.
 - d. Að efla samstarf milli hafna sem sinna hafnsögu og útgerð lóðs- og dráttarbáta.
 - e. Að fylgjast með og veita stjórn Hafnasambands Íslands umsögn um laga- og reglugerðarákvæðum sem varða hafnsögu og útgerð lóðs- og dráttarbáta.
4. Fylgi útgjöld starfsemi samráðshópsins skal leggja tillögu þar um fyrir stjórn Hafnasambands Íslands.